



# ÍSAFJARÐARBÆR

## Hafnir Ísafjarðarbæjar

Ísafirði 05.03.2025

HKL 056

Efni: Fundur með CLIA og Cruise Iceland 24.febrúar 2025

Hafnarstjóri tók fyrir skömmu þátt í fundi með fulltrúum frá samtökunum CLIA (Cruise Lines International Association) og Cruise Iceland þar sem farið var yfir stöðuna vegan álagningar hins nýja innviðagjalds á skemmtiferðaskip.

Á fundinum kom fram að innan CLIA ríkti megn óánægja með það hvernig staðið var að setningu innviðagjaldsins. Skipafélögin munu þó standa við þær ferðir sem búið var að selja hingað til okkar og gildir það um árin 2025 og 2026.

Varðandi árið 2027 þá munu skipafélögin bíða með frekari bókanir þar til í ljós kemur hvort framkvæmd innviðagjaldsins verði breytt. Það sem félögin eru fyrst og fremst að kalla eftir er fyrirsjáanleiki varðandi starfsumhverfið. Ef hann vantar er erfitt að halda uppi ferðum til Íslands.

Bókunarstaðan hjá Höfnum Ísafjarðarbæjar í dag þessi:

2025 eru 196 bókaðar komur

2026 eru 176 bókaðar komur

2027 eru 84 bókaðar komur

Staðan fyrir árið 2027 hlýtur að teljast áhyggjuefni, en á sama tíma fyrir ári voru komnar yfir 150 bókanir fyrir 2026.

**Hilmar K Lyngmo**

**Hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar / Ísafjörður Harbour Master**

Hafnarhúsinu, 400 Ísafjörður.

Tel: 450 8081, GSM/MOB: 846-6384, Email: [hofn@isafjordur.is](mailto:hofn@isafjordur.is)